



FRÉTTABRÉF

FRÁ SVEITARSTJÓRN



SVEITARSTJÓRNARFUNDIR 364 - 365

Á 364. fundi sveitarstjórnar var samþykkt að styrkja jólaúthlutun Mæðrastyksnefndar Akraness um kr. 200.000 en nefndin þjónar meðal annars Hvalfjarðarsveit. Á sama fundi var einnig samþykkt að styrkja Stígamót um kr. 100.000.

Á 365. fundi sveitarstjórnar samþykkti sveitarstjórn sérstakan íþrótt- og tómstundastyrk, til barna og unglunga á tekjulágum heimilum, sem nemur 30.000 kr. á ári til viðbótar við 70.000 kr. tómstundastyrk sem Hvalfjarðarsveit veitir á ári. Sveitarstjórn samþykkti einnig að veita ADHD samtökunum styrk að fjárhæð kr. 100.000 á árinu 2023. Samþykkt var að opið hús hjá félagsmiðstöðinni 301 verði fjórum sinnum í mánuði hjá miðstiginu frá 1. janúar 2023.

Aðalskipulag Hvalfjarðarsveitar 2020-2032 var samþykkt á 365. fundi. Aðalskipulag er skipulagsáætlun fyrir tiltekið sveitarfélag þar sem fram kemur stefna sveitarstjórnar um landnotkun, byggðapróun, byggðamynstur, samgöngu- og þjónustukerfi og umhverfismál í sveitarfélaginu. Metnaður og mikil vinna hefur verið lögð í gerð nýs aðalskipulags undanfarin ár og því mikið fagnaðarefni að það hafi nú verið samþykkt og vill sveitarstjórn þakka öllum þeim sem hafa komið að gerð aðalskipulagsins.

Á sama fundi var Húsnæðisáætlun Hvalfjarðarsveitar 2023 samþykkt. Sveitarstjórn samþykkti einnig að verða við styrkbeiðni að fjárhæð 2mkr. vegna fyrirhugaðra framkvæmda við Leirárkirkju.

Ýmis önnur mál, sem ekki er getið hér, undir sveitarstjórnarfundunum, voru tekin fyrir ásamt fundargerðum nefnda og afgreiðslumálum frá þeim og eru áhugasamir hvattir til að skoða fundargerðir og hlusta á hljóðupptökur þeirra sem finna má á heimasíðu Hvalfjarðarsveitar.

NÝTT FLOKKUNARKERFI

Ný lög um meðhöndlun úrgangs taka gildi 1. janúar nk. en þá verður komið á samræmdu flokkunarkerfi um landið allt. Ákvæði eru í lögnum um fjögurra flokka sérsöfnun við íbúðarhús en markmið laganna er m.a. að skapa skilyrði fyrir myndun hringrásarhagkerfis, draga úr myndun úrgangs og auka endurvinnslu hans og eftir sem áður eiga þjónustugjöld að standa undir raunkostnaði við málaflokkinn. Til að mæta þessum nýju lögum þá verður meðal annars bætt við tunnu við hvert heimili í Hvalfjarðarsveit. Orðið sorp mun jafnframt detta út og úrgangur kemur í staðinn. Gjaldskrá fyrir úrgangshirðu og urðun úrgangs mun taka talsverðum breytingum sökum lagabreytinganna um komandi áramót. Sjá nánar um það á næstu blaðsíðu.

KYNNINGAR, FUNDIR OG VIÐBURÐIR

Sveitarstjórn hefur setið ýmsa fundi á síðustu vikum, þar má nefna samráðsfund með formönnum fastanefnda. Fræðslufundur frá Samtökunum '78 fór einnig fram, fundur með HMS vegna húsnæðisáætlunar. Samráðsfundur með Norðuráli, kynningarfundur í tengslum við endurvinnslu á kerbrotum og margir fleiri.

Viðburðir á aðventunni hafa verið virkilega vel heppnaðir, má þar nefna opið hús 60 ára og eldri í Hvalfjarðarsveit, Fullveldishátíðina í Heiðarskóla, jólamarkað Innra- Hólmskirkju, jólatónleika í Hallgrímskirkju í Saurbæ, jólatrjáasala í Álfholtsskógi og fleira.



Fullveldishátíð í Heiðarskóla og jólatónleikar í Hallgrímskirkju í Saurbæ.



FJÁRHAGSÁÆTLUN 2023 - 2026

Fjárhagsáætlun Hvalfjarðarsveitar fyrir árið 2023 ásamt þriggja ára áætlun 2024-2026 var samþykkt á fundi sveitarstjórnar þann 23. nóvember sl. og vill sveitarstjórn nýta tækifærið og þakka öllum sem komu að gerð fjárhagsáætlunar.

Fjárhags- og framkvæmdáætlunin ber vott um áframhaldandi vöxt og uppbyggingu til framtíðar í Hvalfjarðarsveit, m.a. með byggingu nýs íþróttahúss við Heiðarborg, áframhaldandi gatnagerð í Melahverfi til úthlutunar nýrra lóða, hönnun nýs leikskóla í Melahverfi og áframhaldandi göngu- og reiðhjólástígagerð. Líkt og fyrri ár endurspeglar fjárhagsáætlunin að hlúa eigi að góðri þjónustu við íbúa, viðhaldi eigna og almennri framþróun í hinum ýmsu málefnum.

Hvað varðar álagningu gjalda, útsvars, fasteignaskatts o.s.frv. þá gætti sveitarstjórn hófsemi við ákvörðun þeirra við gerð fjárhagsáætlunar, líkt og kemur fram í samstarfs- og málefnasamningi sveitarstjórnar.

Álagningarhlutföll fasteignaskatts í A-flokki, sem lagður er á íbúðarhúsnæði og sumarbústaði, verður 0,36% árið 2023 í stað 0,38%. Lækkun um 5,3% til að koma á mótis við hækkun fasteignamats. Álagningarhlutfall útsvars árið 2023 verður óbreytt frá fyrra ári eða 13,69%.

Gjaldkögum fasteignaskatts og fasteignagjalda verður fjölgað um einn á milli ára og verða þeir nú í stað átta, sem er gert til að mánaðarleg greiðslubyrði heimilanna í Hvalfjarðarsveit taki sem minnstum breytingum.

Gjöld fyrir úrgangshirðu og urðun úrgangs munu, eins og áður kom fram, taka breytingum sökum lagabreytinga og verða eftirfarandi:

- Sumarhús (frístundahús) 18.640 kr. sorphirðugjald á ári
- Íbúðarhúsnæði 60.390 kr. sorphirðugjald á ári
- Íbúðir og sumarhús 5.400 kr. sorpurðunargjald á ári

Fasteignagjöld eru samheiti um fasteignaskatt og fasteignatengd gjöld. Í Hvalfjarðarsveit fela gjöldin, auk fasteignaskatts, í sér: lóðarleigu (þar sem við á), vatnsskatt (þar sem við á), sorphirðugjald, sorpurðunargjald og rotþróargjald.

Þess ber að geta að ekki er algilt að öll þessi gjöld falli inn í fasteignagjöld sveitarfélaganna og fá þá fasteignaeigendur aðra reikninga auk fasteignagjalda frá sveitarfélaginu. Dæmi um þetta er þar sem fyrirtæki annast álagningu og innheimtu annara gjalda svo sem vatns- og fráveitugjalds. Í Hvalfjarðarsveit þá falla þau gjöld inn í fasteignagjöldin nema í Krosslandi, þar eru Veitur þjónustuaðilinn.

Nánar má lesa um fjárhagsáætlun Hvalfjarðarsveitar inni á heimasíðu sveitarfélagsins, www.hvalfjardarsveit.is og í gegnum eftirfarandi QR kóða:



JÓLAKVEÐJA

Sveitarstjórn óskar íbúum í Hvalfjarðarsveit, starfsmönnum sveitarfélagsins, landeigendum og frístundahúsaegendum í Hvalfjarðarsveit, sem og landsmönnum öllum gleðilegra jóla og farsældar á nýju ári.

Bestu þakkir fyrir góðar stundir og samstarf á árinu sem er að líða.

**Hljójar jólakveðjur,
sveitarstjórn Hvalfjarðarsveitar**